

Sp.

66. Tillaga til þingsályktunar

[66. mál]

um könnun á valdi í íslensku þjóðfélagi.

Flm.: Haraldur Ólafsson, Jón Kristjánsson, Þórarinn Sigurjónsson,
Ingvar Gíslason, Davíð Aðalsteinsson, Guðrún Tryggvadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram könnun á *valdi* í íslensku þjóðfélagi. Könnunin skal fólgin í því að rannsaka og greina hvernig háttað er völdum og valdahlutföllum stofnana og samtaka, bæði opinberra og óopinberra.

Könnun þessari skal lokið innan þriggja ára og niðurstöður hennar kynntar á Alþingi.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu. Hún er því flutt óbreytt nú.

Á undanförnum árum hafa orðið allmiklar umræður um hvernig háttað er beitingu valds hér á landi. Þær umræður hafa einkum snúist um hvernig *valddreifingu* er varið, þ.e. hvernig tengsl hins opinbera, ríkisins, og einstakra sveitarfélaga, byggðarlaga og landshluta eru. Einnig hefur talsvert verið rætt um innbyrðis afstöðu valdastofnana ríkisins og hvort æskilegt sé að breyta stjórnkerfi að einhverju leyti til þess að breyta valdahlutföllum í landinu. Enda þótt þessar umræður hafi oft á tíðum verið hinar fróðlegustu hefur nokkuð á skort að þær hafi verið markvissar og stundum hafa hugtök verið lítt skýrð eða ekki. Sjálft hugtakið *vald* er margþætt og engin ein skilgreining fullnægjandi til að lýsa edli þess og áhrifum eða birtingarformum þess.

Vald er svo margslungið hugtak að sumir fræðimenn hafa lagt til að hætt verði að rannsaka það eitt sér. Aðrir telja að vissulega sé það nothæft sem rannsóknarviðfang. Rökin eru þau að það, sem sameiginlegt er valdi í hvaða formi sem það birtist, er að einhver eða einhverjir hafa *vald yfir einhverjum öðrum*. Það byggist reyndar á hinni þekktu skilgreiningu Max Webers: „Vald eru líkurnar á því að einhver, í gefinni samfélagslegri stöðu, fái komið fram vilja sínum þrátt fyrir andspyrnu, óháð því á hverju þessar líkur byggjast.“ Þetta þýðir að vald er að koma fram vilja sínum, jafnvel þótt reynt sé að koma í veg fyrir það. En valdi er unnt að beita þótt mótspyrna sé ekki veitt. Þá er um að ræða viðurkenningu á því að einhver hafi vald sem rétt og skylt, og jafnvel ljúft, sé að beygja sig undir. Vald getur einnig verið dulið, tengt erfðavenjum og síðum, eða þá innbyggt í samfélagsgerðina.

Hér er ekki ætlunin að telja upp birtingarform valdsins en á það bent að margs konar dulin og hálfdulin valdaöfl eru að verki í sérhverju þjóðfélagi og áhrif þeirra eru oft á tíðum langtum meiri en birtist í hinu beina og opinbera valdi. Þetta gerir nauðsynlegt að rýna djúpt inn í íslenskt þjóðfélag til þess að greina megi valdaþræðina sem þar greinast í allar áttir.

Tilgangur þeirrar könnunar, sem hér er lagt til að gerð verði, er sá að safna aukinni þekkingu á þjóðfélagi okkar. Allmikið skortir á að ýmsir þættir þess séu nægilega vel greindir. Könnun á margslungnu valdakerfi er einmitt til þess fallin að auka skilning á þjóðfélaginu og gerð þess. Á slíkum skilningi byggist öll umræða um hvernig gera megi umbætur og endurbætur á því. Þá er ekki fyrst og fremst átt við að unnt verði að búa til eitthvert vísindalegt þjóðfélag heldur miklu fremur hitt að góð þekking á þjóðfélagsgerð sé forsenda þess að geta sniðið vankanta af henni.

Lagt er til að ríkisstjórnin hafi forgöngu um þessa könnun. Eðlilegt er að Háskóla Íslands verði falið að gera hana. Þar er fyrir hendi sú sérfræðiþekking sem er forsenda þess að hægt sé að kanna þessi efni á fullnægjandi hátt. Hugsanlegt er að fleiri en ein deild Háskólans vinni saman að könnuninni, t.d. félagsvísindadeild, viðskiptadeild og e.t.v. lagadeild. Heppilegt er að einum manni verði falin umsjón könnunarinnar en honum við hlið verði nokkrir ráðgjafar. Gera verður kostnaðaráætlun og ráða starfslíð sem þó verði ekki fjölmennt. Innan þriggja ára ætti að geta legið fyrir allrækileg skýrsla. Á grundvelli hennar væri hægt að taka ákvarðanir um framhald eða nánari útfærslu á einstökum þáttum könnunarinnar.

Það er skoðun flm. að könnun sem þessi sé ákaflega hagnýt. Í fyrsta lagi er farið inn á rannsóknarsvið sem ekki hefur verið gefinn mikill gaumur hér á landi til þessa en þekking á því er forsenda umræðna um valddreifingu og valdskipan í landinu.

Í öðru lagi er þetta rannsókn á lýðræðinu hér á landi, hvernig það virkar eða virkar ekki, athugað er hvernig stöðu einstaklingsins er háttað og hvort og hvernig einstakir hópar ná fram áhugamálum sínum.

Í þriðja lagi geta niðurstöður slíkrar könnunar auðveldað landsmönnum að taka mikilvægar ákvarðanir um framtíð sína.

Árið 1972 ákvað ríkisstjórn Trygve Bratteli að láta fram fara ítarlega könnun á valdi í Noregi. Endanleg skýrsla um hana var birt tíu árum síðar. Allöngu áður höfðu þó meginniðurstöðurnar legið fyrir. Íslenskir rannsóknarmenn geta sótt mikinn fróðleik í þá könnun. Er hún talin sérlega vönduð og fjölmörg atriði hennar þess eðlis að þekking á þeim getur flýtt mjög fyrir sams konar könnun hér á landi. Sænski Þjóðarflokkurinn hefur ofarlega á blaði að stuðla að því að slík könnun verði gerð í Svíþjóð.